



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Nefndasvið Alþingis  
Kormákur Axelsson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2020  
Tilv.: MMR20030026/0.4.3-

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, 308. mál -  
Alþingi

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, 308. mál. Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samráði við mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Sjóðurinn njóti árlegra framlaga af fjárlögum auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti fagnar þingsályktunartillögunni, enda er mikilvægt að stuðla að varðveislu menningararfs þjóðarinnar.

Samkvæmt 2. mgr. 3 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast skip og bátar frá því fyrir 1950 til forngripa og eru friðaðir. Í 42. gr. sömu laga segir að fornminjasjóði sé ekki einungis heimilt að veita styrki til friðaðra skipa og báta, heldur sé einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra skipa, báta og samgöngutækja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi vegna menningarsögulegs, vísindalegs eða listræns gildis.


Þrátt fyrir að fornminjasjóði hafi verið ætlað m.a. að styrkja viðhald skipa, báta og annarra samgöngutækja, hefur sjóðurinn ekki haft burði til að standa mynduglega undir því. Hlutverk fornminjasjóðs er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum í landinu. Fornleifarannsóknir, s.s. uppgröftur fornleifa, eru í eðli sínu ólíkar viðhaldi og viðgerð á skipum og bátum, en báðar eru þó kostnaðarfrekar framkvæmdir. Komi til þess að bátar og skip verði færð undan fornminjasjóði, þarf að gæta þess að fornminjasjóður beri ekki skarðan hlut frá borði og veikist fyrir vikið, enda er hann eini styrktarsjóður fornleifarannsókna í landinu.

Í stað þess að stofna nýjan sjóð væri nærtækara að efla fornminjasjóð, sem lögum samkvæmt á að sinna því hlutverki að styrkja viðhald skipa, báta og annarra samgöngutækja, auk þess sem stuðlað verði að þátttöku starfsgreina sjávarútvegsins í verkefninu.

Að öðru leyti mun afstaða ráðherra koma fram í umræðum á Alþingi um þingsályktunartillögu þá sem hér um ræðir.

Fyrir hönd ráðherra

  
Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir

  
Rúnar Leifsson